

Til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis

Með bréfi dagsettu 18/2 2009 óskar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn undirritaðrar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá 1. kafla 1. viðauka við EES samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. Skal nú reynt að verða við þeirri ósk.

Árið 2008 samdi ég tvö álit vegna eldri gerðar þessa frumvarps, annað í apríl, að beiðni þeirrar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, sem þá var starfandi á Alþingi, hitt í ágúst, að beiðni Bændasamtakanna, er þá unnu að álitum, sem þau sendu Alþingi í september 2008. Álit mitt birtu svo Bændasamtökin óstýtt í Bændablaðinu 23/9 08.

Það fyrsta, sem ég gerði, þegar ég fékk senda frá ykkur þessa nýju og breyttu útgáfu af frumvarpinu, var því að bera vandlega saman þá kafla, sem varða sóttvarnir og sýkingahættu vegna þess innflutnings sem fyrirhugaður er eftir lagabreytinguna.

Sú sorglega staðreynd blasti þá við, að ekkert, sem máli skipti, hafði breyttst við endurgerð frumvarpsins. Í nýju útgáfunni eru alveg jafn hættulegar lagabreytingar og í eldri gerð frumvarpsins. Ég legg því enn einu sinni til, að Alþingi felli þetta frumvarp, og vísa til þess rökstuðnings sem ég lagði fram í báðum eldri umsögnunum og læt þær fylgja hér með (Fylgiskjöl 1 og 2). Nú vil ég líka alveg sérstaklega vísa til þeirra breytinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði á 10.grein laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr.25/1993, með síðari breytingum. Þarna á að galopna fyrir óheftan innflutning á hrámeti og húðum úr sláturhúsum í þeim 27 löndum, sem nú eru í Evrópusambandinu, og væntan-

lega þeirri viðbót landa, sem kann að koma þar inn síðar.

Heilbrigðisástand manna og dýra er mjög misjafnt í þessum 27 löndum og sýklaflóran mjög misjöfn, eins og ég reyndi að lýsa í báðum umsögnum mínum 2008, sem fylgja hér með. Í mínum huga er ekki spurning, hvort svona innflutningur verður að slysi hér, heldur hvenær það gerist og hve mikil og mörg slysin verða. Nú skrifaði ég prófessor Karli Kristinssyni, yfirlækni á sýkla-deild Landsspítala, þeim bakteríufræðingi, sem hefur árum saman unnið við greiningar þeirra bakteríusýkinga, sem hér verða í fólki, og spurði um hans álit á þessum innflutningi. Svar hans legg ég hér með (Fylgiskjal 3). Varðandi dýrasjúkdómana vil ég minna á salmonellufárið, sem drap meira en helming af stórri hrossahjörð í Mosfellssveit nú í vetur og leggja þunga áherslu á þá staðreynd, að búfjárstofnar okkar, bæði kindur, kýr og hest- ar, eru mjög viðkvæmir fyrir sjaldgæfum eða innfluttum sýkla- stofnum, sem þeir hafa alls ekki ónæmi gegn. Það sýndareftirlit í formi vottorða og óskrifaðra reglugerða, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru ekki sóttvarnir nema á pappírnum, og alls ekki sú neytendavernd, sem þess konar eftirliti virðist ætlað að vera. Norðurlandabjórðirnar hafa beiska reynslu af þess konar sóttvörnum. Ég legg hér með finnska fyrirspurn birta í skjölum Evrópusam- bandsins 2007 (Fylgiskjal 4)). Það plagg sýnir í hnotskurn fram- kvæmdina á loforðum sambandsins um, að ekki skuli flytja til Finnlands salmonellusýkt kjöt, og að útflytjandinn verði að sanna hreinleika kjötsins með sýklaræktun áður en varan leggur af stað til Finnlands. Svíar eru með sams konar undanþágu og fá líka yfir sig sýkingar úr kjöti með gildum vottorðum. Bann við innflutningi á hrámeti úr dýraríkinu til landa, sem hafa ekki viðkomandi sýkil í umhverfinu er eina raunhæfa vörnin. Reglur Evrópusam- bandsins eiga að snúast um hreinleika matvæla og neytendavernd, a.m.k, segir svo í þeim. Því ætti að vera auðvelt að framlengja

þá undanþágu, sem Ísland fékk vegna legu sinnar og lítillar smitsjúkdómahættu í innlendu búfé við óbreyttar aðstæður.

Það er bráðnauðsynlegt að fá þessa undanþágu framlengda, ef einhver hugsar um heilsu manna og dýra í þessu landi, ekki síst nú, þegar verið er að skerða framlög til heilbrigðismála. Nú er óverjandi að taka upp kostnaðarsamar sýndaraðgerðir í staðinn fyrir þá heilsuvernd sem hér er fyrir og hefur gefist vel.

Reykjavík 4.mars 2009,

Margrét Guðnadóttir.

Margrét Guðnadóttir,
fv. prófessor í sýklafræði,
Rofabæ 29, 110 Reykjavík.

Fylgiskjöl:

1. Umsögn um eldri gerð sama frumvarps.
Send sjávarútvegs-og landbúnaðarnefnd Alþingis í apríl 2008.
2. Umsögn um eldri gerð frumvarpsins.
Gerð að beiðni Bændasamtakanna í ágúst 2008.
3. Svar prófessors Karls Kristinssonar, yfirlæknis á sýkladeild Landsspítala Háskólasjúkrahúss við fyrirspurn M.G.
4. Finnisk fyrirspurn birt í Official Journal of the European Communities 6. nóvember 1997

Til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis.

Með bréfi dagsettu 14/4 2008, óskaði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn undirritaðrar um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá 1.kafla, 1.viðauka við EES-samninginn, 524.mál, EES reglur, breyting ýmissa laga.

Skal nú reynt að verða við þeirri ósk.

Að loknum lestri á frumvarpinu og samanburði á breytinga-tillögunum, sem í því eru við gildandi lög, er mín niðurstaða sú, að þetta frumvarp eigi Alþingi að fella. Margar breytinga-tillögurnar eru bein afturför frá gildandi lögum, fáar eru skaðlausar, en sumar beinlínis hættulegar heilbrigði manna og dýra hér á landi. Það var ekki að ástæðulausu að Ísland fékk þær undanþágur frá reglum Evrópusambandsins, sem ætlunin er nú að falla frá með samþykkt þessa frumvarps. Í staðinn fyrir gildandi lög eiga að koma lög, sem henta alls ekki íslenskum aðstæðum og mjög ólíklegt er, að íslenskt löggjafarvald geti gripið inn í seinna, jafnvel í neyðartilfellum. Ég álit ekki réttlætanlegt að ganga lengra inn í reglur Evrópusambandsins um meðferð matvæla og heilbrigði búfjár en þegar hefur verið gert í gildandi íslenskum lögum. Verði einhver tíma farið í aðildar-viðræður við Evrópusambandið, verða íslensku fulltrúarnir að halda inni þessum undanþágum, ekki síður en sérstöðu sjávarútvegsins. Skal nú reynt að rökstyðja þetta álit:

Allir, sem þekkja reglur Evrópusambandsins um meðferð matvæla og heilbrigði alidýra, vita að þær reglur eru settar til að tryggja frjálst flæði landbúnaðarafurða og lifandi alidýra frá einu landi til annars innan lögsögu sambandsins, hömlulaust.

Verði sóttvarnareglur eða reglur ætlaðar til að tryggja hollustu matvæla í vegi fyrir hinum frjálsa markaði, hafa þær hingað til verið látnar víkja og ekki spurt um afleiðingarnar fyrir fólk og fénað. Gildandi lög hér á landi hafa þegar verið aðlöguð að reglum Evrópusambandsins eins langt og hægt er að ganga varðandi sóttvarnir búfjár á afskekkttri eyju, þar sem mjög lítið er um smitsjúkdóma í dýrum, miklu minna en á meginlandi Evrópu.

Kúariðufaraldurinn, sem byrjaði í Bretlandi fyrir nokkrum árum sýndi okkur veirufræðingum svart á hvítu, hvernig sóttvarnareglur Evrópusambandsins reynast, þegar virkilega reynir á þær. Bretar höfðu þá árum saman framleitt fóðurmjöl í mjólkurkýr úr sláturúrgangi og hræum af sjálfdauðum skepnum. Riða er algeng og landlæg á Bretlandseyjum, þannig að efnið í þessa fóðurframleiðslu hafði í sér kindariðusýkla. Það eru mjög sterkir sýklar, sem erfitt er að eyða, en berast ekki auðveldlega milli dýrategunda. Þetta vissu Bretar og hituðu því efnið í fóðurmjölið bæði mikið og lengi. Ekkert kom fyrir, meðan hitað var lengur en einn sólarhring. Svo kom olíukreppa. Olíuverð hækkaði og þá var farið að spara. Hætt var að kynda undir þessari afurð lengur en 4-5 klt. Afleiðingarnar urðu þær, að upp kom nýr, áður óþekktur riðusýkill, sem sýkti kýrnar um gervallt Bretland af banvænum lömunarsjúkdómi. Þetta afbrigði af riðu barst í fólk, sem hafði borðað kjöt af sýktum nautgripum og olli banvænum lömunarsjúkdómi, sérstaklega í ungu fólki. Kúariða er hæggengur sjúkdómur. Margir mánuðir líða alltaf frá smitun, þar til lömunin kemur fram, oftast nokkur ár. Það á við bæði um manna og kúasjúkdóminn.

Rannsóknir á þessu nýja fári og uppruna þess tóku langan tíma. Þegar orsökinn fannst, hafði snöggsöðna fódurmjölinu, sem var sjúkdómsvaldurinn, þegar verið dreift í kýr um allt Bretland í nokkur ár, svo að hvergi í landinu voru ósýktir nautgripir. Þann tíma, sem rannsóknirnar tóku, voru breskar, lifandi kýr úr sýktum hjörðum fluttar til annarra landa Evrópusambandsins samkvæmt reglum þess. Einnig til landa utan þess, eins og ekkert hefði í skorist. Þegar orsökinn fannst, var sýkta fódurmjölið bannað í Bretlandi og framleiðslu þess hætt, en þær birgðir, sem eftir voru, seldar úr landi, án þess að nokkur reyndi að stöðva þann útflutning. Útflutningur Breta á lifandi nautgripum og sýktu fódurmjöli á þessum tíma reyndist ágætis dreifikerfi fyrir kúariðuna. Og áfram var haldið að selja úr landi breskt nautakjöt úr sýktum hjörðum samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Eftir að sjúkdómsorsökinn varð kunn bönnuðu Frakkar innflutning á bresku nautgripakjöti. Þó að Bretar vissu að sýkt nautakjöt var sjúkdómsvaldurinn, þegar ungt fólk í Bretlandi var að deyja úr banvænum lömunarsjúkdómi, kærðu þeir Frakka fyrir brot á reglum Evrópusambandsins, þegar þeir voguðu sér að banna innflutning á þessari bresku gæðavöru af heilsufarsástæðum. Síðar fann einhver upp, að ákveðnir partar af sýktum nautgrip væru þeir einu, sem bæru smitið, en afgangurinn af skepnunni væri hæfur til manneldis! Hvílík sýklafræði um sýkil, sem aldrei hefur tekist að rækta, en sannanlega berst frá meltingarvegi til miðtaugakerfis í sýktu dýri. Sú skoðun, að vissir partar af sýktum nautgrip séu hæfir til manneldis virðist enn í fullu gildi samkvæmt reglum Evrópusambandsins. A.m.k. er minnst á þetta í lið C á bls. 29 í frumvarpinu. Þar stendur: Ekki verður þörf á að fjarlægja áhættuvefi við slátrun þar sem Ísland er laust við kúariðu. Ég er ekki alveg

viss um, að reglumeistarar Evrópusambandsins taki þessa athuga-
 semd gilda, Einn ágætur vinur minn situr suður á Kýpur og skoðar
 sneiðar úr heilum úr öllum fullorðnum nautgripum, sem þar er
 slátrað og leitar að skúariðuskemmdum, þó að sjúkdómurinn hafi
 aldrei fundist á eyjunni og engir nautgripir frá meginlandinu
 nokkru sinni verið fluttir þangað. Reglur Evrópusambandsins mæla
 svo fyrir og þær verða aðildarlöndin að virða þó að frelsi
 þeirra til eigin sóttvarnaaðgerða sé mjög takmarkað. Í leit að
 skemmdum í heila nautgripa felst vissulega öryggi, ef ekki er þá
 búið að selja kjötið af skepnunni, þegar eitthvað finnst athuga-
 vert .

Sóttafar í heiminum er mjög svæðabundið. Í löndum Evrópu-
 sambandsins eru víða í gangi sjúkdómar, sem við hér erum búin
 að útrýma með skipulögðum aðgerðum, t.d. mæðiveiki í sauðfé og
 sullaveiki í mönnum. Baráttan gegn þeim vágestum stóð lengi og
 kostaði bæði mikla vinnu og töluverða peninga, svo ekki sé nú
 minnst á búsisfjarnar, sem bændur urðu fyrir meðan mæðiveikin
 var í landinu. Óþarfi er að flytja þessa sjúkdóma inn í landið
 aftur, hvað þá aðra, sem aldrei hafa verið hér, eins og trikin-
 osis í svínum, sem getur orðið að alvarlegum mannasjúkdómi við
 neyslu á menguðu svínakjöti. Núna erum við líka laus við salmon-
 ellu og fleiri iðrasýkingar, sem koma úr menguðu kjúklinga- og
 svínakjöti og ómögulegt er að forðast, ef við förum að flytja
 inn ófrosið kjúklinga- og svínakjöt samkvæmt reglum Evrópusamband-
 sins. Ófrosið kjöt er ekki ferskt, ef ferðin frá slátraranum til
 neytandans tekur marga daga. Þeir dagar eru hins vegar mjög dýr-
 mætir þeim sýklagróðri, sem kann að leynast í hrámetinu. Margir
 sýklar fjölga sér ört í hrámeti á nokkrum klukkustundum og ná

miklu magni, ef kæling hrámetis er léleg eða varan hlýnar upp í stofuhita einhvers staðar á langri leið til neytandans. Lítið magn sýkla getur leynst í hrámeti og fjölgað sér á langri leið, þó að sýklaræktun hafi verið neikvæð á slátrunarstað og heilbrigðissvottorð fylgi því vörunni þaðan. Hrámeti, sem lendir í hrakningum á langri flutningaleið, getur því verið skemmt, þegar það kemur á borð neytandans, þótt fallegt heilbrigðissvottorð hafi lagt af stað með því frá seljandanum. Sú regla, að leyfa aðeins innflutning hingað á frosnu, erlendu kjöti kemur í veg fyrir þennan vanda og margir sýklar, t.d. salmonellur í kjúklingakjöti, deyja við frystingu. Sú regla, að flytja hingað eingöngu frosið, erlent kjöt er því engin tilviljun, heldur besta neytendaverndin, ef endilega þarf að standa í slíkum flutningum.

Meginlönd hafa miklu fleiri sýklategundir í dýrum en afskekktar eyjar, og miklu fleiri stofna innan hvernar sýklategundar sem finnst. Þetta vita íbúar Eyjaálfunnar, andfætlingar okkar í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Þeir hafa nýtt sér sérstöðu sína og haft mjög strangt eftirlit með innflutningi fóðurs og fénaðar. Þess vegna hafa þeir t.d. hvorki fengið til sín riðu né mæði-veiki, þó að þeir sjúkdómar séu algengir á meginlöndum. Vegna góðrar heilsu búpenings eru þeir virtir útflytjendur matvæla. Við, Íslendingar, erum hér og nú í svipaðri stöðu. Hér er gott matvælaeftirlit og heilbrigðiseftirlit með dýrum. Hér er framleitt gott hráefni í hollan og nærandi mat og kjötvinnsla hér í mjög góðu lagi. Við ættum því að geta flutt út gæðavöru, eins og Nýsjálendingar, ef við fáum frið til þess fyrir reglum Evrópusambandsins, sem engin ástæða er til að taka hér upp í meira mæli en þegar hefur verið gert.

Heyrst hefur, að þessu frumvarpi sé ætlað að lækka hér matarverð. Sú mun ekki verða raunin, heldur eykst skriffinnskan og kostnaður þjóðfélagsins án nokkurs ávinnings. Ef einhverjum er alvara með tali um lækkað matarverð, ætti sá hinn sami að snúa sér að sjávaraflanum. Kringum landið vex og dafnar sameign þjóðarinnar, fiskurinn í sjónum, og enginn þarf að fóðra hann á aðkeyptu fóðri. Nýveiddur fiskur er líka tiltölulega laus við sýkla. Sjórinn sér um það. Hann er ekki sú gróðrarstía sýkla sem þéttbýl lönd eru. Margar rannsóknir sýna, að fiskurinn í sjónum er einhver hollasta fæða, sem hugsast getur. Þessa fæðu ættu íslenskir neytendur að geta keypt ferska upp úr sjónum á skikkamlegu verði, eins og hægt var fyrir nokkrum árum, en er ekki hægt núna. Þetta gætu stjórnvöld sett lög um, ef vilji væri fyrir hendi, kannski með minni áhættu og kostnaði en það lagafrumvarp, sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir.

Að endingu vil ég svo láta þess getið, að til er bók, sem heitir: Þættir um innflutning búfjár og Karakúlsjúkdóma. Sú bók var tekin saman af nefnd, sem þáverandi landbúnaðarráðherra skipaði 1946, til þess að endurskoða gildandi löggjöf um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, fjárskipti og innflutning lifandi búfjár. Bókin er prentuð 1947 og gæti verið geymd í ritum um störf þingnefnda og Alþingis frá þeim tíma. Þetta er fróðleg bók. M.a. segir þar frá innflutningi 20 Karakúlkinða frá virtu og margverðlaunuðu þýsku búi. Fyrir Íslandsferðina voru kindurnar grandskoðaðar af dýralæknum, fleiri en einum, og komu hingað með öll heilbrigðisvottorð í fínu lagi. Þessar verðlaunaskæpnur fluttu þó með sér 4 mjög alvarlega búfjársjúkdóma, garnaveiki, votamæði, þurramæði og visnu, þrátt fyrir uppruna sinn og gild heilbrigðisvottorð. Þær voru ekki veikar, heldur

voru þar einkennalausir smitberar hæggengra smitsjúkdóma, sem íslenskt búfé hafði aldrei áður komist í kynni við. Þetta smit, olli hér heiftarlegum sýkingum, eins og algengt er að sjá bæði í mönnum og skepnum, þegar nýir áður óþekktir sjúkdómar koma upp, eða inn í hjörð, þar sem þeir hafa aldrei gengið áður.

Af framangreindum ástæðum er það mín skoðun, að rétt sé að Alþingi felli þetta frumvarp.

Reykjavík 24/4 2008,

Margrét Guðnadóttir.

Margrét Guðnadóttir
fv. prófessor í sýklafræði,
Rofabæ 29, 110 Reykjavík.

Fylgiskjal 2.

Bændasamtök Íslands,
c/o Erna Bjarnadóttir,
Bændahöllinni, Hagatorgi 1, 107 Rvk.

Þakka bréf ykkar dagsett 7/8 '08. Þar óska Bændasamtökin eftir álitinu mínu á frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá EES samningnum. Nú er sem sagt ætlunin að fella með lögum niður mikilvægar undanþágur, sem við Íslendingar höfum haft, og samþykka í staðinn meingallað og vanhugsað frumvarp, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Ég kynnti mér þetta frumvarp í vor og bar það saman við gildandi lög eftir bestu getu, þegar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis óskaði eftir álitinu mínu á frumvarpinu. Legg ég það álit hér með, merkt fylgiskjal 1, svo að ekkert fari á milli mála um mína afstöðu. Ég vil gera allt, sem ég get, til að forða þjóðinni frá því að þetta frumvarp verði að lögum. Í sumar hef ég komist að ýmsu, sem rökstyður enn frekar þá skoðun mína, að þetta frumvarp eigi Alþingi að fella. Það eigi síðan að taka upp nýjar samningaviðræður við EES, og í þeim viðræðum eigum við að halda inni öllum þeim undanþágum, sem við upphaflega fengum vegna sérstöðu Íslands, þegar við tókum inn í íslensk lög allt það úr regluverki EES, sem óhætt er að láta gilda hér á landi.

Reynslan hefur ekki í neinu sýnt, að þær undanþágur skaði þjóðirnar í Evrópusambandinu. Að fella niður þær undanþágur, sem snúa að sóttvörnum manna og dýra hér á landi, getur aftur á móti orðið hér að stórslysi í framtíðinni. Verði einhvern tíma farið í aðildarviðræður við Evrópusambandið, verða íslensku fulltrúarnir í þeim viðræðum að halda inni öllum þessum undanþágum, ekki síður en sérstöðu sjávarútvegsins. Við búum hér á eyju fjarri öðrum löndum, þar sem landlægir smitsjúkdómar eru miklu færri en á

meginlöndum. Bústofnar okkar komu hingað á landnámsöld. hafa lítið blandast öðrum stofnum síðan og eru mjög viðkvæmir fyrir innfluttum smitsjúkdómum, enda ekkert ónæmi hér gegn sjúkdómum, sem okkar búfé hefur aldrei haft nein kynni af. Gott dæmi er hrossasjúkdómur, sem barst hingað í fyrsta skipti fyrir nokkrum árum og breiddist út nákvæmlega eins og influenzufaraldur í fólki gerir, ef nýtt, áður óþekkt afbrigði af veirunni kemur upp.

Á liðnum árum hafa innfluttir búfjársjúkdómar valdið hér miklum búsisfjum, t.d. votamæði, þurramæði, visna, riða og garnaveiki. Við Íslendingar höfum orðið að kosta miklu til vegna innfluttra búfjársjúkdóma. Votamæði, þurramæði og visnu var útrýmt með alsherjar niðurskurði á sauðfé á svæðinu norðan úr Þingeyjar-sýslum austur í Skaftafellssýslur, sauðleysi á öllu þessu svæði í 1-3 ár eftir niðurskurðinn, síðan fjárskiptum með tilheyrandi afurðatapi fyrir bændur. Þannig hurfu nú þessir skæðu sjúkdómar úr landi. Langar einhvern í þá aftur hingað? Þeir finnast á öllu svæði Evrópusambandsins, berast með öndunarsmiti, mjólkursmiti og blóðsmiti og eru mjög algengir í Miðjarðarhafslöndum Evrópu ef lítið er til einkennalítilla smitbera. Ég ætla rétt að vona að enginn fari að flytja hingað hrátt lambakjöt af þessum svæðum sem færi hér á grillin úti í íslenskri náttúru þar sem forvitnar sauðkindur kæmst í leifarnar. Þetta eru ekki mannasjúkdómar. Ef svo væri, værum við þessi eldri öll dauð fyrir löngu. Geitur eru næmar og blessaðir geita- og sauðkindaostarnir í Suðurlöndum eru búnir til úr sýktri mjólk. Riðan varð okkur erfiðari, enda sýkillinn nærri ódrepanði. Við grynnum á henni með niðurskurði hvenær, sem hún kemur upp, en það dugar ekki til. Hún er alls staðar í löndum Evrópusambandsins og ekkert gert til að útrýma henni þar. Hér er bólusett gegn garnaveikinni með innlendu bólu-efni. Held, að ekkert sé gert í Evrópusambandslöndunum.

Á seinni árum höfum við Íslendingar útrýmt eða grynnað á fleiri sýkingum. Eggja- og kjúklingabændur landsins hafa staðið sig mjög vel við að fylgja þeim ströngu reglum, sem hér gilda um hreinlæti í hæsnabúum. Salmonellusýkingar eru horfnar og kamfylobakteríur greinast mjög sjaldan úr íslenskum afurðum í seinni tíð. Hver tekur sér eiginlega það vald að eyðileggja þennan góða árangur? Er það virkilega í þágu neytenda að hér mori allt í sýktum landbúnaðarvörum, kannski sýkingum af sýklstofnum, sem aldrei hafa komið hingað áður og enginn hér hefur ónæmi fyrir? Í fyrstu málsgrein á fyrstu síðu frumvarpsins stendur, að hér eigi að ná árangri gegn sýkingum með "neytendavernd". Verði þetta frumvarp að lögum, verður dreift í verslanir landsins innfluttu hrámeti, sem kannski hefur verið ófrosið á margra daga ferðalagi við mismunandi hitastig, svo að margs konar bakteríur, líka þeir stofnar salmonellu og saurgerla, sem aldrei hafa fundist hér, hafa fengið gott tækifæri til að fjölga sér. Ef slíkt gerist, geta slíkir stofnar orðið skæðir skaðvaldar hér í mönnum eða skepnum. Til eru margir salmonellustofnar. Sá skæðasti, salmonella tyfi, taugaveikibakterían, var hér landlæg og olli mörgum dauðsföllum, en var útrýmt á fyrstu áratugum síðustu aldar. Salmonella tyfimurium, músatyfus, hefur stöku sinnum komist hingað, t.d. borist úr amerískum matarleifum af Keflavíkurlugvelli, þegar slíkar leifar lentu í dýrafóðri hér. Afleiðingarnar urðu afmarkaðir faraldrar í fólki, en bakterían virðist ekki hafa náð fótfestu í íslenskri náttúru ennþá. Mildari salmonellustofnar eru landlægir í mörgum Evrópusambandslöndum. Margir þeirra hafa ekki komið til Íslands, svo vitað sé. Salmonellur þola mjög illa frost, svo að frysting á kjötvörum minnkar hættuna af þeirri sýkingu til muna.

Hins vegar hefur frysting engin áhrif á veirur eða riðusýkla. Frosið nautgripakjöt ber því kúariðusmit ekki síður en ófrosið kjöt, ef kjötið er upphaflega úr sýktri skepnu.

Oftrú á vottorð er eitt af einkennum frumvarpsins. Vottorð eru góð svo langt sem þau ná, en gilda að sjálfsögðu ekki um vöru, sem sýklamagn hefur vaxið í eftir að þau voru gefin út. Skemmd vara, t.d. ófrosið kjöt, getur komist á leiðarenda með öll gild vottorð í lagi, líkt og blessað Karakúlféð gerði, þegar það kom til Íslands á sínum tíma (sjá bls. 6 í fylgiskjali 1). Finnar og Svíar hafa skoðað vörur, sem eru fluttar til þessara löndu skv. EES reglunum, og fundið sýkingar í a.m.k. fimmtungi þeirra sýna, sem höfðu gild vottorð með sér. Í Danmörku er nú í gangi stór salmonellufaraldur, sem Danir hafa átt erfitt með að rekja og ráða við. Það þýðir ekkert að reyna að halda því fram, að "löglega innflutt kjöt" skv. reglum EES geti ekki borið smit.

Upplýsingar um upprunaland vöru eru heldur engin trygging fyrir því að hún sé ómenguð. Aðeins trygging fyrir því að meirihluti vörubirgða útflytjans sé frá upprunalandinu, Útflytjandinn má nefnilega bæta í birgðir sínar afurðum frá öðrum EES löndum. Nú eru þessi lönd 25. Hvorki stofnar sýkla né hreinlætisaðstaða við framleiðslu matvæla eru eins í þessum 25 löndum og verða það kannski aldrei þrátt fyrir reglur EES.

Verði þetta frumvarp að lögum á Íslandi, er þjóðin þar með búin að afsala sér réttinum til að ráða sjálf sóttvarnamálum sínum og færa þennan rétt í hendur Evrópusambandinu. Ég vil ekki að hér gildi aðeins erlend lög sniðin að allt öðrum aðstæðum

en þeim, sem hér eru. EES regluverkið er yfirþjóðlegt og við mundum ekki hafa neitt um það að segja, hvað hér yrði gert, ef skæðir sjúkdómar bærust hingað. Kannski yrðum við bara kærð, ef við færum eitthvað að bröлта sjálf í slíkum tilvikum.

Allir, sem þekkja reglur Evrópusambandsins um meðferð matvæla og heilbrigði alidýra, vita að þær reglur eru settar til að tryggja frjálst flæði landbúnaðarafurða og lifandi alidýra frá einu landi til annars innan sambandsins, hömlulaust. Verði sóttvarnareglur eða aðrar reglur ætlaðar til að tryggja hollustu matvæla í vegi fyrir hinum frjálsa markaði, hafa þær hingað til verið látnar víkja og ekki spurt um afleiðingar þess fyrir fólk eða fénað.

Kúariðufaraldurinn, sem byrjaði í Bretlandi fyrir nokkrum árum sýndi okkur veirufræðingum svart á hvítu, hvernig sóttvarnareglur Evrópusambandsins reynast, þegar virkilega reynir á þær. Bretar höfðu þá árum saman framleitt fóðurmjöl í mjólkurkýr úr sláturúrgangi og hræum af sjálfdauðum skepnum. Riða er algeng og landlæg á Bretlandseyjum, þannig að efnið í þessa fóðurframleiðslu hafði í sér kindariðusýkla. Það eru mjög sterkir sýklar, sem erfitt er að eyða, en berast ekki auðveldlega milli dýrategunda. Þetta vissu Bretar og hituðu því efnið í fóðurmjölið bæði mikið og lengi. Ekkert kom fyrir, meðan hitað var lengur en einn sólarhring. Svo kom olíukreppa. Olíuverð hækkaði og þá var farið að spara. Hætt var að kynda undir þessari afurð lengur en 4-5 klt. Afleiðingarnar urðu þær, að upp kom nýr, áður óþekktur riðusýkill, sem sýkti kýrnar um gervallt Bretland af banvænum lömunarsjúkdómi. Þetta afbrigði af riðu barst í fólk, sem hafði borðað kjöt af sýktum nautgripum og olli banvænum lömunarsjúkdómi, sérstaklega í ungu fólk. Kúariða er hægengur sjúkdómur. Margir mánuðir líða alltaf frá smitun, þar til lömunin kemur fram, oftast nokkur ár. Það á við bæði um manna og kúasjúkdóminn.

Rannsóknir á þessu nýja fári og uppruna þess tóku langan tíma. Þegar orsökinn fannst, hafði snöggsöðna fóðurmjölinu, sem var sjúkdómsvaldurinn, þegar verið dreift í kýr um allt Bretland í nokkur ár, svo að hvergi í landinu voru ósýktir nautgripir. Þann tíma, sem rannsóknirnar tóku, voru breskar, lifandi kýr úr sýktum hjörðum fluttar til annarra landa Evrópusambandsins samkvæmt reglum þess. Einnig til landa utan þess, eins og ekkert hefði í skorist. Þegar orsökinn fannst, var sýkta fóðurmjölið bannað í Bretlandi og framleiðslu þess hætt, en þær birgðir, sem eftir voru, seldar úr landi, án þess að nokkur reyndi að stöðva þann útflutning. Útflutningur Breta á lifandi nautgripum og sýktu fóðurmjöli á þessum tíma reyndist ágætis dreifikerfi fyrir kúariðuna. Og áfram var haldið að selja úr landi breskt nautakjöt úr sýktum hjörðum samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Eftir að sjúkdómsorsökinn varð kunn bönnuðu Frakkar innflutning á bresku nautgripakjöti. Þó að Bretar vissu að sýkt nautakjöt var sjúkdómsvaldurinn, þegar ungt fólk í Bretlandi var að deyja úr banvænum lömunarsjúkdómi, kærðu þeir Frakka fyrir brot á reglum Evrópusambandsins, þegar þeir voguðu sér að banna innflutning á þessari bresku gæðavöru af heilsufarsástæðum. Síðar fann einhver upp, að ákveðnir partar af sýktum nautgrip væru þeir einu, sem báru smitið, en afgangurinn af skepnunni væri hæfur til manneldis! Hvílík sýklafræði um sýkil, sem aldrei hefur tekist að rækta, en sannanlega berst frá meltingarvegi til miðtaugakerfis í sýktu dýri. Sú skoðun, að vissir partar af sýktum nautgrip séu hæfir til manneldis virðist enn í fullu gildi samkvæmt reglum Evrópusambandsins. A.m.k. er minnst á þetta í lið C á bls. 29 í frumvarpinu. Þar stendur: Ekki verður þörf á að fjarlægja áhættuvefi við slátrun þar sem Ísland er laust við kúariðu. Ég er ekki alveg

viss um að reglumeistarar EES taki þessa athugasemd Íslendinga gilda, eða veiti okkur undanþágu frá meginreglunni út á hana. EES gerir strangar kröfur um brennslu á þessum úrskornu pörtum af nautgripakjötinu! Skyldi einhver hafa samviskubit, af því að hann veit, að þetta kjöt getur verið úr sýktri skepnu, þó að markaðslögmálin leyfi ekki að öll skepnan sé brennd, eins og lög-
mál sýklafræðinnar og siðgæðis í viðskiptum krefjast. Riðusýklar eru næstum ódrepanði í rannsóknastofum, og hvað þá í náttúrunni sjálfri. Í tilraunum hefur komið í ljós að tíminn, sem líður frá sýkingu þar til sjúkdómseinkenni sjást er háður því magni af sýklinum, sem notað var í tilraunina. Við erum ekki enn búin að sjá fyrir endann á því, sem kann að hafa gerst meðan kúariðu-
faraldurinn stóð sem hæst. Sumir átu kannske miklu minna af menguðu kjöti en aðrir og eiga því enn eftir að veikjast. Enginn veit heldur hvað framtíðinn ber í skauti sér vegna þessara sérstöku reglna um sölu á kjöti af sýktum gripum. Ef hingað þarf endilega að flytja inn erlent nautakjöt ætti að mínu viti að þurfa leyfi til að flytja aðeins hingað kjöt frá kúariðulausum löndum, t.d. Ástralíu eða Nýja Sjálandi, ekki riðubælum eins og Bretlandi og Írlandi, þó að hingað hafi komið á markað kjöt a.m.k. frá Írlandi.

Það skal tekið hér fram, að samningamenn Íslands í Brüssel, hverjir, sem það nú voru, höfðu vit á að fella ekki úr gildi undanþágu Íslands um bann við innflutningi á lifandi dýrum og því fóðurmjöli, sem dreifði kúariðusýklinum, og við fluttum reyndar aldrei inn, sem betur fer. Einnig héldu þeir inni undanþágu Íslands, sem leyfir okkur að fódra búfé á fiskimjöli en slíkt bannaði EES um leið og það bannaði sýkta breska fóðurmjölið.

Aðrar undanþágur Íslendinga fengu að fjúka, t.d. undanþágan um bann við innflutningi á ófrosnu, hráu kjöti. Að mínu mati er sá innflutningur mjög hættulegur og getur hæglega borið hingað bakteríustofna, sem hafa aldrei áður fundist hér. Það, sem ekki selst af þessu ófrosna hrámeti, verður afbragðs dreifikerfi fyrir slíka sýkla í íslensku umhverfi. Mávagerið, sem flýgur um soltið hér í þéttbýlinu er t.d. gott dreifikerfi fyrir salmonellur, ef það kemst í þær. Ef endilega þarf að flytja hér inn hvítt kjöt, á auðvitað að krefjast þess, að það hafi verið fryst við slátrun dýranna og flutt hingað frosið. Það minnkar hættuna á illvígum bakteríusýkingum. Séu veirur eða riðusýklar í hrámetinu, haldast þeir sýklar óskemmdir í frostinu og geta borist í fólk við neyslu kjötvörunnar eða meðferð, t.d. við neyslu á þeim pörtum af kúariðusýktu nautakjöti, sem reglur EES leyfa sölu á.

Hvort sem litið er til hollustu matvæla eða sóttvarna, er auðvitað eðlilegast að búvörur séu framleiddar sem næst neytendanum og undir faglegu heilbrigðiseftirliti, en ekki geðþótta markaðslögmálanna. Það er engin ástæða til þess, að búvöruframleiðsla á Íslandi sé eyðilögð, eins og nú stendur til. Sjálfbær matvælaframleiðsla á að vera markmið og stolt hvernar þjóðar og við eigum alls ekki að láta blaður óábyrgra manna komast upp með að eyðileggja hana, eins og nú er reynt með þessu frumvarpi. Það er ánægjulegt að bændur eru nú farnir að stunda kornrækt og auka þannig innlenda fóðurframleiðslu svo að minnka megi fóðurrinnkaupin. Það er líka ánægjulegt að sjá kúabúin hér skila meiri, hreinni og fjölbreyttari framleiðslu. Hvítblæði í kúm er veirusjúkdómur, sem hefur aldrei fundist hér, en finnst víða í Evrópusambandslöndunum. Sá sjúkdómur gæti borist hingað með fósturvísunum úr erlendum kúm, en veiran lifir

varla lengi í mjólkurdufti eða ostum. Þar er frekar að finna bakteríur, sem borist geta í framleiðsluna, ef óhrein mjólk er notuð í hana, t.d. ef mjólk hefur mengast við mjaltir eða geymslu. Í þessu samhengi er rétt að nefna, að berklar í kúm eru líklega ekki horfnir enn af öllu EES svæðinu. Þeir hafa aldrei fundist í íslenskum kúm.

Í sumum Evrópusambandslöndum er sullaveiki enn landlæg og bandormaflóran fjölbreyttari en hún var hér á Íslandi á árum áður, þannig, að þar finnast ýmsir dýrasullir, sem við höfum aldrei fengið hingað, og enn mannasullurinn, sem við náðum að útrýma með hundahreinsun fyrir ótal árum. Hér var ferill sullaveikinnar einfaldur. Bandormurinn hélt sig bara í hundum. Viða erlendis er ferillinn miklu flóknari, því að villt skógar- dýr geta borið bandorminn í sér. Erfiðlega gengur því að útrýma sjúkdómnum þar sem þannig háttar til. Líka er rétt að minna á aðra orma, tríkinur í svínunum, sem geta valdið banvænum manna- sjúkdómi, sem engan langar að fá hingað og við erum enn laus við hér á landi.

Nýir sjúkdómar og áhættumat.

Þau 52 ár, sem undirrituð hefur verið starfandi veirufræðingur hafa af og til komið upp nýir, áður óþekktir sjúkdómar, eða gamlir sýklar sýnt á sér nýjar hliðar. Nýir manna inflúenzustofnar komu upp og ollu heimsfaröldrum árin 1957 og 1968. svokölluð hermanna- veiki, skæð bakteríulungnabólga, um 1976, og nú á allra síðustu árum skæð veirulungnabólga í mönnum (SARS) og fuglaflensan. Um 1980 byrjaði alnæmisfaraldurinn á Vesturlöndum. Líklega má rekja hann til sýkingar úr öpum í menn í Afríku 1960 eða fyrr. Rétt eftir 1980 byrjaði kúariðufaraldurinn í Bretlandi.

Nú er það nýjast, að hreinir hitabeltissjúkdómar eru farnir að

færa sig úr því beltí norður og suður vegna hlýnunar jarðar og þeirra breytinga á dýralífi og umhverfi, sem hún veldur. Hvað verður næst? Hvernig á að gera áhættumat þar, sem lifandi náttúran ræður ein ferðinni? Verður það mat afgreitt með einu pennastriki ---engin hætta!--- eða er rétt og skylt að laga hættumatið eftir aðstæðum hverju sinni? Upp geta sprottið sjúkdómar, sem þarf að lýsa og greina frá rótum, eins og alnæmisfaraldurinn. Það getur þurft að búa til alveg ný greininga-próf, sem ekki hafa áður verið notuð, einnig lyf eða bóluefni. Hvernig er eiginlega hægt að gera langtíma áhættumat af einhverju viti? Ekki mundi ég treysta mér til að gera neina langtímaspá. Ég veit samt, að nýir framtíðarsjúkdómar munu ekki allir haga sér eftir markaðslögmálum Evrópusambandsins, frekar en þeir nýju sjúkdómar, sem komu upp í minni tíð. Þegar grípa þarf til sóttvarnaaðgerða, er miklu öruggara, að hver þjóð þekki sinn heimavöll og sé viðbúin því að setja sínar eigin reglur í hverju tilviki. Mér finnst miklu skynsamlegra, að þeim peningum íslenskra skattgreiðenda, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að varið verði í upptöku á þessari viðbót við það, sem þegar hefur verið lögfest hér af EES reglum, verði varið til að koma hér upp alvöru aðstæðum til að geta hér varist skæðum sýkingum, sem alltaf annað kastið hljóta að koma hér upp. Við eigum eftir að fá alvöru brennsluofn, sem ræður við miltisbrand úr gömlum grafreitum hræja og annan hættulegan úrgang. Okkur vantar alvöru áhætturannsóknadeild fyrir illvíga nýja dýrasjúkdóma, sem gera ekki boð á undan sér. Það er ekki endalaust hægt að afsaka trassaskapinn með aðstöðuleysinu, og eyða svo fúlgum fjár í eftirlitsbákn, sem í raun á ekki að ráða neinu, bara gegna utanaðkomandi regluverki, sem á alls ekki hér við.

Að lokum vil ég minna á þá staðreynd, að margar kynslóðir af góðu fólki lögðu á sig ómælda vinnu til að koma íslensku heilbrigðisástandi og matvælaeftirliti þangað, sem það er núna. Það gerðist ekki á einum degi með samþykkt laga, heldur með þrotlausri vinnu. Höldum henni áfram. Göngum ekki afturábak, þó að það sé miklu auðveldara að brjóta niður en að byggja upp.

Reykjavík 13 ágúst 2008.

Margrét Guðnadóttir

Margrét Guðnadóttir
fv. prófessor í sýklafræði,
Rofabæ 29, 110 Rvk.

3. mars 2009

Próf. emeritus, Margrét Guðnadóttir, veirufræðingur
Ármúla 1A
108 Reykjavík

Varðandi frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágu frá 1. kafla, 1. viðauka við EES samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Ég vísa í bréf þitt dagsett 25. febrúar þar sem þú óskar eftir álitinu mínu á lagabreytingu sem afnemur bann á innflutningi á hráum sláturafurðum, húðum o.fl. frá Evrópusambandinu.

Bakgrunnur

Hráar sláturafurðir sem ætlaðar eru til manndis geta borið sýkla (bakteríur, sníkjudýr og veirur) sem geta valdið sýkingum í mönnum, dæmi: Salmonella, Campylobacter, Enterohaemorrhagic E. coli (EHEC), Toxoplasma gondii, Taenia og Trichinella. Taenia og Trichinella eru sjaldgæfar í löndum Evrópusambandsins, en tíðni Salmonella, Campylobacter, EHEC og líklega Toxoplasma er hærri en í íslenskum sláturafurðum. Á síðasta ári (2008, sjá upplýsingar á heimasíðu Sýklafræðideildar Landspítalans, www.landspitali.is) voru staðfestar 135 Salmonella sýkingar í mönnum á Íslandi og af þeim 119 sem höfðu þekktan uppruna voru aðeins 24 (20%) talin vera af innlendum uppruna. Á sama tíma voru staðfestar 99 Campylobacter sýkingar og var vitað um uppruna 90 þeirra. Af þessum 90 voru aðeins 36 (40%) talin vera af innlendum uppruna. Einungis greinast um eitt tilfelli af EHEC á ári á Íslandi.

Vegna vinnsluáðferða við slátrun er kjúklingakjöt líklegra en aðrar sláturafurðir til að innihalda Salmonella og/eða Campylobacter, og til að innihalda þær í meira magni. Í kjölfar þess að farið var að selja ferska kjúklinga á Íslandi jókst tíðni Campylobacter sýkinga í mönnum gríðarlega og náði hámarki árið 1999 með 435 staðfest tilfelli og af þeim töldust 80% (326) vera af innlendum uppruna. Í kjölfarið var ráðist í rannsókn á þessum faraldri og þeim fylgdu svo umfangsmiklar aðgerðir í kjúklingaiðnaðinum til að draga úr þessari tíðni (strangar umgengisreglur, hreinsun, sótthreinsun, meðhöndlun vatns með útfjólubláu ljósi, yngri fuglar til slátrunar á sumrin og uppsetning flugnaneta). Eftir það hefur tíðnin fallið verulega. Þessar aðgerðir eru kostnaðarsamar, en hafa orðið til þess að líklega er hvergi minni Campylobacter mengun í kjúklingum en á Íslandi. Auk þess er Ísland eitt af fáum löndum í heiminum þar sem kjúklingar eru ekki mengaðir af Salmonella. EHEC smitast hins vegar einkum frá fersku nautakjöti eða nautakjötsafurðum. Tíðni EHEC sýkinga í mönnum á Íslandi er mjög lág og EHEC hefur ekki fundist í íslenskum nautgripum.

Salmonella og Campylobacter sem hafa fundist í íslenskum sláturafurðum hafa alltaf verið mjög vel næmar fyrir þeim sýklalyfjum sem notuð eru í meðferð sýkinga af

þeirra völdum hjá mönnum. Hins vegar er ónæmi fyrir mikilvægum sýklalyfjum algengt í þessum bakteríum víða í Evrópu og fjölonæmir stofnar vel þekktir.

Áhrif breytinga á lögum


Ef heimilaður verður innflutningur á ferskum sláturafurðum frá löndum Evrópusambandsins, þá koma á íslenskan markað sláturafurðir sem eru með mun hærra hlutfall Salmonella og Campylobacter mengunar en þekkist í innlendum sláturafurðum. Þar sem kostnaður innlendra kjúklingabænda og sláturhúsa við að halda Campylobacter mengun í skefjum og halda kjúklingum Salmonella fríum, er umtalsverður, þá sitja þeir væntanlega ekki við sama borð og framleiðendur í löndum Evrópusambandsins. Innfluttir kjúklingar gætu því orðið mun ódýrari en þeir innlendu og þess vegna mögulega náð stórum hluta markaðarins hérlandis. Það er því ljóst að verði þessar breytingar að lögum, þá mun tíðni Campylobacter og Salmonella sýkinga aukast á Íslandi. Spurningin er aðeins hversu mikið. Í versta falli gæti tíðni Campylobacter sýkinga í mönnum meira en fjórfaldast (ef miðað er við tíðnina áður en gripið var til íhlutandi aðgerða í kjúklingaiðnaðinum). Einnig má ætla að tíðni Salmonella sýkinga aukist marktækt, en meiri óvissa er með EHEC sýkingar. Með ofangreindri aukningu má reikna með auknum fjölda sýkinga af völdum Salmonella og Campylobacter ónæmum fyrir mikilvægum sýklalyfjum, og mun það geta valdið vandamálum í meðferð sýkinganna.

Álit

Frá sjónarhóli sóttvarna yrði það afturför að heimila innflutning á ferskum sláturafurðum sem myndi skapa raunverulega ógn við lýðheilsuna. Mitt álit er því að ekki eigi að heimila innflutning á ferskum sláturafurðum.

Ef ekki er hægt að koma í veg fyrir innflutning á ferskum sláturafurðum verður að fá undanþágu frá Evrópusambandinu til að leyfa aðeins innflutning á ferskum sláturafurðum sem hafa vottun um að vera Campylobacter og Salmonella fríar. Svíar og Finnar fengu undanþágu til að heimila aðeins innflutning á vottuðu Salmonella fríu kjúklingakjöti (Council Decision 95/411/EC), nauta- og svínakjöti (Council Decision 95/409/EC). Slík vottun kemur þó ekki í veg fyrir innflutning á Salmonella og Campylobacter menguðu kjöti, því að reyndin hefur sýnt að oft er ekkert að marka þessi vottunarvottorð (samanber fyrirspurn P-3616/97, Official Journal of the European Commission, C158/162, 25.05.98). Verði þessi leið valin er því nauðsynlegt að tryggja áreiðanleika slíkra vottorða með öflugum innlendu eftirliti á innfluttum sláturafurðum. Slíkt eftirlit yrði kostnaðarsamt, en myndi samt ekki tryggja að afurðirnar væru lausar við Salmonella og Campylobacter. Með hliðsjón af ofangeindu leggst ég gegn því að innflutningur á hráum sláturafurðum verði heimilaður.

Virðingarfyllst,


Próf. Karl G. Kristinsson, yfirlæknir

Fyrirspeurn M.G.

Reykjavík 25/2 2009.

Karl G. Kristinsson.
Prófessor í sýklafræði í læknadeild Háskóla Íslands
og yfirlæknir á sýkladeild Landsspítala Háskólasjúkrahúss.

Með bréfi dagsettu 18/2 þ.m. barst mér beiðni frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis um álit á frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá 1. kafla, 1. viðauka við EES samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.178/2002 frá 28.jan. 2002 auk afleiddra gerða.

Með þessu frumvarpi er ætlunin að afnema bannið, sem hér hefur gilt við innflutningi á hráum sláturafurðum, húðum o.fl. frá þessum 27 Evrópusambandsríkjum. Hvernig líst þér á? Sendi þér hér með ljósrit af gildandi íslenskum lögum og þeim breytingum, sem frumvarpið gerir á þeim, ef það verður að lögum. Þið á sýkladeildinni þurfið greinilega ekki að kvíða atvinnuleysi, ef þetta frumvarp verður að lögum. Mig langar að biðja þig um skriflegt álit á þessari lagabreytingu, svo að ég geti lagt það fram sem fylgiskjal frá okkar virtasta bakteríufræðingi, þegar ég sendi nefndinni mitt álit, sem ég þarf að skila 4. mars.

Bestu kveðjur.

Margrét Guðnadóttir.
Margrét Guðnadóttir, veirufræðingur.

As things stand, it is the Ministers 'meeting within the Council' who decide on the selection criteria and who have selected the European Cities of Culture since 1985 and until 2000.

The Spanish authorities wrote to the President-in-Office of the Council to inform her that four Spanish cities were candidates for the event (Valencia for 2001, Salamanca for 2002, Granada for 2003 and Barcelona for 2004) and in doing so they followed long-standing practice.

In the interests of transparency the Presidency organized a seminar at Bourglinster on 7 and 8 November 1997, which was attended by representatives of the European Parliament (the Chairman of the European Parliament Committee on Culture took part in the proceedings) and representatives of the cities competing for the 2001 event, the Member States and the Commission.

The discussions which took place at that seminar should facilitate the Ministers' choice.

The European Parliament will soon be able to play its role to the full, when it debates the new proposal for a Decision tabled by the Commission.

(98/C 158/217)

WRITTEN QUESTION P-3613/97

by Sirkka-Liisa Anttila (ELDR) to the Commission

(6 November 1997)

Subject: Quality of EU foodstuffs, freedom from salmonella and accuracy of food certification

Finland was granted the right to remain salmonella-free, but in spite of this salmonella is present in imported meat. Who is falsifying the certificates?

The import into Finland from the EU area of meat containing salmonella is contrary to our accession treaty. Nevertheless turkey meat containing (inter alia) salmonella has been imported into Finland. According to published information meat contaminated with salmonella has also been imported into Sweden, which was granted the same rights as Finland to keep itself salmonella-free. France, from which turkey containing salmonella was most recently imported, has refused to take the meat back, and its destruction thus remains the importer's responsibility.

The EU ought to pay much more attention to the salmonella problem because it will get worse if nothing is done. The Commission has made readjustments to its food monitoring procedures in the interest of greater food safety for EU consumers. However, real life experience shows that it has not been possible to solve the problems. The certificates of freedom from salmonella issued when meat is imported have thus been falsified, or are the inspection procedures really so poor?

The problems in the European Union with BSE and swine fever have swept away consumer confidence in meat. The situation has been made still worse by TV programmes showing the cruelty of animal transport with animals being seen to be treated in a very rough manner. The incidence of salmonella is so common in some EU countries that it may be impossible to do anything about it. In the newest EU Member States the animal health situation was excellent at the time of accession, with a salmonella incidence of under 0.5%, while in a number of Member States it is present in between 20% and 70% of meat produced!

What measures does the Commission propose to take to improve the health protection of European consumers? Does it even really intend to try to reduce the incidence of salmonella in foodstuffs in the EU? What is done to prevent the falsification of certificates? How can the credibility of the above-mentioned certificates guaranteeing freedom from salmonella be improved?